

Atvinnuveganefnd Alþingis

Efni: Breyting á lögum um lax- og silungsveiðar nr. 61/2006, 251. mál.

Undirritaður er ábúandi á Fossatúni í Borgarfirði. Í dómi Hæstaréttar í máli 676/2013 þann 14. mars 2014 reyndi á rétt okkar ábúenda þ.e. minnihluta í Veiðifélagi Grímsár Tunguár. Í dómi Hæstaréttar segir:

„Er málatilbúnaður áfrýjenda í aðalatriðum á því reistur að leiga veiðihússins til almenns gisti- og veitingarekstrar utan skilgreinds veiðitíma samrýmist ekki lögboðnu hlutverki veiðifélagsins.“

Fulltrúar veiðifélagsins, voru ósáttir við dóminn og þáverandi formanni Landssambands veiðifélaga var falið af þáverandi landbúnaðarráðherra að semja lagabreytingu að því er virðist til þess að afmá dómstaðfestan rétt okkar, minnihlutans.

Þess var sérstaklega gætt að engin sjónarmið önnur en þau sem Landssamband veiðifélaga hélt fram kæmust að umræðunni. Þannig höfðum við sem unnum málið ekki hugmynd um þingferlið fyrir en ári eftir að Alþingi samþykkti eftirfarandi lagabreytingu 30. júní 2015:

Lög um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006, með síðari breytingum (meðferð og ráðstöfun eigna veiðifélaga).

1. gr. Á eftir d-lið 1. mgr. 37. gr. laganna kemur nýr stafliður, svohljóðandi: að nýta eignir veiðifélags og ráðstafa þeim með sem arðbærustum hætti fyrir félagsmenn; heimilt er veiðifélagi að ráðstafa eign félagsins utan veiðitíma og þá til skyldrar starfsemi.

Í Álitsgerð Lagastofnunar HÍ frá því í janúar 2011 segir:

„Félagsmenn í veiðifélagi verða því ekki skyldaðir að lögum til þátttöku í verkefnum sem ekki eru í nánum efnislegum tengslum við hið lögbundna hlutverk veiðifélags.“

„Sem dæmi um þetta má nefna að stjórn veiðifélags samþykkti að veiðihús mætti vera opið að vetrarlagi fyrir veitingarrekstur og skemmtihald. Slíkt fengist væntanlega ekki staðist með hliðsjón af tilgangi veiðifélaga og ábyrgðarreglum.“

„Þá er rétt að taka fram að sjálfstæðar eignir veiðifélags tilheyra þeim fasteignum á félagssvæðinu sem veiðirétt eiga, og í arðskrárhlutfalli. Með þessu er áréttuð sú eignarréttarstaða í skiptum veiðifélags og félagsmanna að félagið sjálft er ekki handhafi neins konar eignarréttarheimilda.“

Það samræmist ekki hlutverki veiðifélaga að byggja og reka veitinga- og gististarfssemi á almennum samkeppnismarkaði. Veiðihús eru reist í þeim tilgangi að þjóna veiðimönnum, sem ber skylda að kaupa þá þjónustu sem veiðihúsin bjóða upp á. Þetta er fyrirkomulag sem á meira skilt við rekstur lokaðra einkaklúbba en almennan samkeppnisrekstur.

Samkvæmt íslenskri atvinnugreinaflokkun, ÍSAT, er skilgreind fjölþætt flokkun veitinga- og gistihúsa. Veiðihús er ekki þar á meðal. Tilvísun laganna um skyldan rekstur er því óskýr og ófullnægjandi. Þá er því ranglega haldið fram að bygging og rekstur veiðihúsa sé arðbær starfssemi til viðbótar við sölu laxveiðileyfa. Þetta er rangt og skýr fyrirbyggjandi gögn sem sýna að slík fjármögnun og rekstur er niðurgreitt með sölu laxveiðileyfa.

Fleira má finna að hvað varðar umrædda lagasetningu eins og að kanna hefði átt hvort hún stæðist félagafrelsisákvæði stjórnarskrár og aðjóstlega mannréttindasamninga. Gera hefði átt samkeppnismat. Skoða áhrif mismunandi meðhöndlun virðisaukaskatts þegar laxveiðileigan eru án en húsaleigan með og áhrifin á ríkissjóð o.fl. sem ekki verður tínt til hér.

Að ofan hafa verið færð rök fyrir því að tilgangur/virkni laga nr. 61/2006 sé að draga úr vernd minnihluta félagsmanna veiðifélaga. Yfirlýst markmið 251. máls. lagafrumvarps 150. löggjafarþings er hinsvegar „að leitast við að tryggja betur vernd minnihluta félagsmanna í veiðifélögum.“

Misræmis gætir í afstöðu Landssambands veiðifélaga sem sagði í umsögn vegna lagasetningarinnar 2015 að veiðifélög væru atvinnurekstarfélög og um þau giltu sambærilegt meirihlutavægi atkvæða og í hlutafélögum. Í umsögninni um 251. mál þessa löggjafarþings segir Landssamband veiðifélaga hinsvegar:

„Þá er jafnræði félagsmanna einnig grundvallarregla í félagarétti. Skylduaðild er að veiðifélögum en hún mælir sérstaklega á móti mismunun félagsmanna.“

Til þess að væntanlegt lagafrumvarp nái yfirlýstum tilgangi sínum um vernd fyrir minnihluta félagsmanna þá hlýtur slíkt að ná einnig til e-liðs 37. greinar Lax- og silungveiðilaganna sem þarf að breyta. Þannig er það í samræmi en ekki andstöðu við niðurstöðu Hæstaréttar:

Lög um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006, með síðari breytingum (meðferð og ráðstöfun eigna veiðifélaga).

E-liður 1. mgr. 37. gr. laganna verður svohljóðandi:

Að nýta eignir veiðifélags og ráðstafa þeim með sem arðbærustum hætti fyrir félagsmenn; heimilt er veiðifélagi að ráðstafa eign félagsins utan veiðitíma **að fengnu samþykki allra félagsmanna.**“

Þá vil ég og benda á að síðan heildarlög um lax- og silungveiði voru samþykkt árið 2006 hefur orðið gríðarleg breyting á íslensku samfélagi og umhverfi öllu. Þannig má segja að lögin hafi verið samþykkt á grundvelli landbúnaðarumhverfis. Ferðapjónusta er hinsvegar orðin mikilvægari og fyrirferðamikil í sveitum landsins.

Sú stefna sem mótuð hefur verið að erlendir veiðimenn komi til Íslands og njóti friðhelgi í umhverfi og á bökkum laxveiðiáa rekst einfaldlega á eignar- og umgengnisrétt landeiganda eins og okkar í Fossatúni, sem gerum eingöngu út á mannskepnuna. Þetta hefur valdið ítrekuðum árekstrum undanfarin ár, þar sem veiðimenn vilja helst ekki sjá fólk annað en aðra veiðimenn og reka burtu gesti sem vilja njóta náttúrunnar. Að auki stafar gestum bráð hætta að bakkasti fluguveiðimanna.

Meðfylgjandi sendi ég umsögn frá einum gesta okkar í Fossatúni sem lýsir reynslu sinni og birtist á Booking.com. Við í Fossatúni höfum fengið okkur fullsödd af yfirgangi veiðifélagsins okkar og veiðimannanna sem koma á þess vegum og trufla og skaða starfsemina sem við höfum byggt upp í 15 ár.

Við eigum einstaklega fallett ársvæði og viljum segja okkur úr veiðifélaginu og friða bakkasvæði okkar, svo hægt sé að njóta náttúrunnar og nálgæðar við laxinn.

Teljum reyndar að slík friðun myndi einnig gagnast öðrum í veiðifélaginu auk þess sem slíkt fellur miklu betur að siðferðisgildum okkar og hagsmunum en fyrirferð og ágengni fólks sem oftast en ekki er einfaldlega snobbhænsni í goretex 😊.

En ég ætla ekki að fara nánar út í það í þessum skrifum en skil það eftir fyrir ykkur nefndarfólk atvinnuveganefndar til íhugunnar og verks að vinna.

Fossatún 19.2. 2020

Steinar Berg Ísleifsson